Nd. **221. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um vörugjald.

Flutningsmenn: Skúli Thoroddsen, Benedikt Sveinsson, Bjarni Jónsson frá Vogi

Við 1. gr.

Í stað orðanna: »3 af hundraði af verðhæð vörunnar« komi: 4–6 af

hundraði af verðhæð vörunnar, eftir ákvæðum í fjárlögunum fyrir hvor tvö ár í senn.

Af gjaldi þessu rennur í sveitar- og bæjarsjóði upphæð, er svarar $^1/_4$—$^1/_2$% af verðhæð hinnar aðfluttu vöru, eins og hún er til hundraðsgjalds talin, en $^1/_8$—$^1/_4$ % í sýslusjóði, — hvorttveggja eftir nánari ákvörðunum í fjárlögunum fyrir hvor tvö ár í senn.

En milli sveita- og bæjarsjóða, svo og milli sýslusjóðanna, skiftist gjaldið eftir íbúatölunni, en þó svo, að einn sjötti hluti sveitar- og bæjarsjóða, svo og sýslusjóða, þ. e. þar sem fámennið er mest, fær hluta sinn reiknaðan á þann hátt, að miðað er æ við þriðjungi fleiri íbúa, en þar eru.